



Fundur haldinn í stjórn Listasafns Árneseinga bs., á Teams þriðjudaginn 27.janúar kl. 9.

Mætt: Njörður Sigurðsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Kristín Scheving safnstjóri og Arna Ír Gunnarsdóttir formaður sem jafnframt ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Útboð á þakviðgerð húsnæðis Listasafns Árneseinga.

Á haustfundi Héraðsnefndar Árneseinga var eftirfarandi bókað:
„Haustfundur Héraðsnefndar Árneseinga haldinn á Hótel Geysi þann 15.október 2024 samþykkir að fela stjórn Listasafns Árneseinga, í samvinnu við fasteignafulltrúa Hveragerðisbæjar, að leita eftir tilboðum í viðgerð á þaki og þakluggum húsnæðis listasafnsins. Ef ásættanleg tilboð fást í verkið, yrði gerður samningur við tilboðsgjafa með fyrirvara um samþykki héraðsnefndar sem lagður yrði fyrir vorfund 2025, þannig að viðgerðir gætu farið fram sumarið 2025.“

Til stóð að fasteignafulltrúi Hveragerðisbæjar leitaði verðtilboða í verkið hjá nokkrum verktökum. Eftir nánara samráð og samtali við fagaðila hefur verið horfið frá því og talið rétt að óska eftir liðsinni verkfræðistofu til þess að vinna útboðsgögn og bjóða verkið út. Haft hefur verið samband við Eflu verkfræðistofu sem gerir ráð fyrir að kostnaður við gerð útboðsgagna verði u.þ.b. kr. 450-500 þúsund fyrir utan vsk.

Stjórn samþykkir samhljóða að fá EFLU verkfræðistofu til þess að vinna útboðsgögnin og jafnframt að bjóða verkið út þegar útboðsgögnin liggja fyrir.

2. Vinna við ársreikning safnsins.

Safnstjóri hefur sent frá sér öll bókhaldsgögn frá sl. ári til bókara.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30.

Arna Ír Gunnarsdóttir

Njörður Sigurðsson

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

Kristín Scheving